

28. 12. 38

Mannfræði, manuð og málrómar.

I.

Settum þul Útværpsins hefir mjög verið ámælt og nokkuð ómannúðlega og meir en ástæða virðist til. Sannleikurinn mun vera sá, að maður þessi hefir betri málróm en meiri hluti þeirra sem í Útværpinu láta til sin heyra, en framburði hans er allmikið áfátt. Mundi varla annars við þurfa til að laga þetta, en að hann fengi nokkurra stunda til sögn hjá málfræðingi, sem glöggur er á framburð og vekti athygli hans á framburðargöllnum. Það virðist annars eftir-

tektarvert, hve verulega fagrir málrómar eru hér litið algengir, og þá einkum karlmannna. Tamdasta málróma hefi eg heyrta í bresku fyrirsólkni, en fegursta í Svíþjóð. Þar er til fólk sem hefir svo fagran málróm, að það er beinlinis ánægja, rómsins vegna, að heyra það tala. Það sem að er í þessum efnum hér á landi mun óefað lagast, þegar minna verður um kvef og hálsveikindi, og athygli manna beinist meir að þessum þætti menningar og atgervis heldur en hingað til hefir verið.

II.

Svertingjar hafa oft karlmannlegri róm en hvitir menn, einsog þeir eru oft öflugri og betur vaxnir. Þetta er ekki efnilegt, sannast að segja, en er að rekja til þess, að hvítum mönnunum hefir erfðilegar veitt en öðrum þáttum mannkynsins, um lifsfjör og likamshroska. Hviti mannkynshátturinn er seinna til orðinn en hinir, og mun fyr liða undir lok, ef illa fer um aldaskifti þau hin miklu, sem nú eru hafin.

18. dec.

Helgi Pjeturss.